

Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði Nikulás Guðmundsson greiði og áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 15/1902:

Skafti Jósefsson

gegn

Þorsteini Gíslasyni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skafti Jósefsson á Seyðisfirði, höfðaði mál þetta í héraði á hendur hinum stefnda, ritstjóra Þorsteini Gíslasyni, fyrir ærumeidandi ummæli í grein einni fyrirsagnarlausri í blaðinu »Bjarka« 6. árg. 3. tölubl., sem kom út 25. jan. 1901, en af sinni hálfu höfðaði Þorsteinn Gíslason gagnsök á hendur Skafta Jósefssyni fyrir ýms ærumeidandi ummæli í greinum í blaðinu »Austra«, nefnil. í tölubl. 26., 32., 34. og 46. árið 1900 og tölubl. 2. og 3. árið 1901, en áfrýjandi er ritstjóri blaðsins »Austra« og stefndi ritstjóri blaðsins »Bjarka«, og koma blöð þessi bæði út á Seyðisfirði. Málum þessum var ráðið til lykta með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 15. febr. 1902, á þá leið, að sækjandi og stefndi

voru hvor um sig dæmdir í 100 kr. sekt til lands-
sjóðs, en til vara í 30 daga einfalt fangelsi hvor,
að hin átöldu meiðandi ummæli af hálfu beggja
málsaðila voru dæmd dauð og ómerk, og að máls-
kostnaður var látinn falla niður; svo voru og nokkur
ummæli gagnsækjanda um aðalsækjanda í varnar-
og sóknarskjölunum dæmd ómerk. Þessum dómi
hefir ritstjóri Skafti Jósefsson skotið til yfirdóms-
ins með stefnu, útgefinni 15. maí 1902, og gjört
þær réttarkröfur, að dóminum verði breytt þann-
ig, að stefndi (gagnsækjandi í héraði) verði dæmd-
ur til að greiða hæfilega sekt fyrir meiðyrði sín
að viðlögðu fangelsi, og að öll meiðyrðin verði
dæmd dauð og ómerk, en að áfrýjandi verði sýkn-
aður af öllum kærum og kröfum stefnda, eða til
vara, að hann verði látinn sæta hinni lægstu rétt-
látu sekt fyrir ummæli sín, og að stefndi verði
dæmdur í allan málskostnað fyrir báðum réttum.
Stefndi, ritstjóri Þorsteinn Gíslason, hefir af sinni
hálfu unað við hinn áfrýjanda dóm, og krafist, að
hann verði staðfestur, svo og, að sér verði til-
dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati
réttarins.

Áfrýjandi telur eftirnefnd ummæli í áminstri
grein í blaðinu »Bjarka« 3. tölubl. 6. árg., 25. jan.
1901, meiðandi fyrir sig: »heimskingi, ópokki,
narri«; »eru til bréf frá honum, þar sem hann
býðst til að rógbera menn fyrir peninga, og drótt-
ar jafnframt að þeim æruleysissökum«. »Þau
(skjölin) eru spegill ógedslegrar og litilmótlegrar
tuddasálar; það er ekki hægt að hugsa sér fiedu-

skap, smjaður og skítmensku innilegar sameinað en þar«, »verið brennimerktur á hornum og klaufum sem ópokki«, »þetta siðferðislega úrþvætti«, »maðurinn sé skoðaður sem fifl og narri«. »Einu sinni í haust gekk eg fram hjá einni af drykkjustofum hans hér í bænum; karl stóð þar inni, sneri kömpunum upp í loftið og var að hvolfi í sig að eg held úr brennivíspela«. »Drykkjustofur Skafta kalla sumir viss skot til og frá í bænum, sem karlmenn eiga stundum nauðsynleg erindi inn í; karlinn læzt sem sé vera í bindindi, og þarf því að skjótast inn á afvikna staði til að hella í sig«; «karlinn var slattfullur« »Aulabárðurinn gat þá í hvorugan fótinn stigið fyrir monti yfir því, hve kænn hann væri að hafa nú náð í tækifæri til að verja Ö. & W. Blöðin verða að vera praktisk, praktisk, japlaði hann í sífellu«. »Æru- og mannorðs-þjófinn Axar-Skafta nokkurn, ef þú kannast við hann: hvert logið brigzl, sem þú beinir mér, borgað með sönnu get eg þér«. »Og ef þú hefir nú ekki, Skafti, | a húðarselurinn, | vit á að halda heimskum kjafti, | þá hýði eg þig í næsta sinn, | svo nokkrar rauðar rákir enn, | á rassinum á þér sjái menn«, »Oft hálf fullur«, »að sjá aulann á þennan hátt niða lífið úr truntunni«. Stefndi hefir kannast við það, að allflest af ummælum þessum séu stíluð til áfrýjanda, og að öðru leyti er það eftir öllu sambandinu og stefnu grein-arinnar vafalaust, að þau eru öll stíluð til hans. Ummæli þessi eru mjög svívirðandi og meidandi fyrir áfrýjanda, og hefir stefndi eigi réttlætt þau

að neinu leyti, því að eigi verður í máli þessu tekið tillit til bréfs þess, sem stefndi tjáir að áfrýjandi hafi skrifað öðrum manni 29. okt. 1893, og sem að nokkru leyti mundi réttlæta sum af ummælum stefnda, ef sannað væri, að áfrýjandi hefði skrifað það. En hann hefir afdráttarlaust neitað því, og hefir neitun þeirri ekki verið brund-
ið. Stefndi getur því eigi komist hjá sekt fyrir meiðyrði sín um áfrýjanda eftir 217., sbr. 218. grein, og 219. gr. alm. hegningarl. 25. júní 1869, en þegar ákveða skal sektina, verður að taka tillit til þess, að áfrýjandi hafði hvað eftir annað áður ráðist á stefnda í blaði sínu »Austra« með skummaryrðum og meiðyrðum, síðast 19. jan. 1901, og segir stefndi, að sú árás í »Austra« hafi verið tilefnið til hinnar átöldu greinar í »Bjarka«. Með tilliti til þessa þykir rétt að ákveða sektina til handa stefnda 150 krónur, og komi í stað hennar 40 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist eigi öll í ákveðinn tíma. Um ómerkingu þessara meiðyrða á aukaréttardómurinn að vera óraskaður.

Eins og getið var um í upphafi, gagnstefndi Þorsteinn Gíslason áfrýjanda í héraði fyrir ýms ummæli í nokkrum tölublöðum blaðsins »Austra« 1900 og 1901, er hann taldi meiðandi fyrir sig, og hefir aukaréttardómurinn tekið til álita og dæmt ómerk eftirnefnd ummæli, sem fyrir því nú koma til álita í yfirdóminum: Í 26. tölubl. »Austra« 1900: »Þá þokkapilta, er virðast láta sér á sama standa, hvort þeir segja satt eða ósatt, og nota hvert tækifæri til að ata út sannleikann og sér

betri menn«. Í 32. tölubl. 1900: »Hinum persónulega óþverra þessa ógeðslega aldamótaviðrinis, sósíalista-, höfðingja- og auðmannasleikjunnar . . . þessa saurblaðs . . . haugalygum«. Í 34. tölubl.: »Mun alla lesendur Bjarka hafa furðað á því, hvað ritstjórar blaðsins hafa getað látið sér sæma að ganga langt fram af mönnum að svívirða með persónulegustu skömmum einhvern nýtasta verzlunarstjóra landsins . . . Gefur þvílíkur ritháttur sterkasta grun um, að til þeirra örþrifsráða sé gripið . . . af meðfæddum óþokkaskap, og eru víst allir samdóma um, að þvílíkum tuddaskap er ekki svarandi. En það getur ekki Múlsýslungum staðið á sama, að hér sé mitt á meðal þeirra framfleytt því saurblaði, með tilsvarendi ritstjóra, er ausi sauri þeirra beztu og vitrustu menn . . . Ámæli það er Ö. & W. fær í Bjarka er blátt áfram illmæli ósatt frá rótum . . . er það óþokkabragð að tilfæra það í Bjarka . . . tilfært í Bjarka móti betri vitund . . . í þeim tilgangi, að reyna að sverta og skaða pólitískan mótstöðumann og saklausa verzlun animo nocendi, animo injuriandi«. Í 46. tölubl. 1900: »Allur almenningur veit, að það sem Bjarki lýsir haugalygi, reynist oft satt að vera«. Í 2. tölubl. 1901: »Vafamál, hvort þar megi meira, heimskan eða illgirninn . . . höfum látið manrolu þessa alveg hlutlausa og ekki skift oss meira af honum en fullri rottu í rennusteini . . . þá getur Þorsteinn Gíslason átt þar fyrir lygaranafnið«. Í 3. tölubl. 1901: »Saurinn í Bjarka . . . Hinn afturgengni Sunnanfara og Íslands ritstjóri . . . óþverra-

grein . . . í fyllirlí eða slæmum eftirköstum þess . . . ómerk ómagaorð . . . svívirðilegum fúkyrðum hans og lygaþvættingi . . . Dóna skömmum hins falleraða ritstjóra«. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að stefndi ætti eigi sök á ummælum þessum, og að þeim hafi eigi verið beint að honum. Þetta er að visu rétt að því er snertir ummælin í 26. og 32. tölubl. »Austra«; stefndi hafði eigi fulla ástæðu til að taka þau til sín; en öllum hinum ummælunum er ótvíræðlega beint að blaðinu Bjarka og ritstjórn hans, án þess nokkur greinarmunur sé gjörður þeirra, er í ritstjórninni voru. Nú var stefndi meðritstjóri blaðsins alt árið 1900 og einn ritstjóri þess eftir nýár 1901. Hann er því réttur aðili sakar að því er hin síðar tilgreindu ummæli snertir; og með því að það verður að fallast á það, að þau séu sumpart ærumeiðandi fyrir stefnda og sumpart freklega óvirðandi og móðgandi, en áfrýjandi hefir eigi að neinu leyti réttlætt þau, þá verður að dæma þau dauð og ómerk og sekta áfrýjanda fyrir þau, og þykir sektin eigi of hátt ákveðin í undirdóminum, sem sé 100 kr., né heldur vararefsingin 30 daga einfalt fangelsi, og skal því staðfesta dóminn að þessu leyti. Málskostnaðarákvæði dómsins samþykkjast einnig, svo og ákvæðið um ómerkingu meiðyrða í gagnsóknarskjölunum í héraði. Samkvæmt þessu verður aukaréttardómurinn staðfestur með umgetinni breytingu á sekt stefnda og þeirri breytingu á ómerkingarákvæði hans, er leiðir af fyrsögðu.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo, að sekt stefnda Þorsteins ritstjóra Gíslasonar sé 150 kr., er renni í landssjóð, og afplánist með 40 daga einföldu fangelsi. Svo falli og úr ómerkingarákvæði dómsins ummælin í 26. og 32. tölubl. »Austra« árið 1900. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. desembermánaðar.

Nr. 32/1902:

Réttvísinn

gegn

Anton Jörgen Andersen Krisvig.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Seyðisfjarðarkaupstaðar, uppkvednum 12. sept. síðastl. var hinn ákærði Anton Jörgen Andersen Krisvig frá Haugesund í Noregi dæmdur fyrir nauðgunartilraun samkv. 169. gr., 1. lið, og 46. gr. sbr. 47. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan